



## Ársskýrsla Sameinaða Lífeyrissjóðsins 2009





## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnar og framkvæmdastjóra .....	4
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	6
Lífeyrisgreiðslur .....	6
lögjöld .....	6
Rekstur og rekstrarkostnaður .....	7
Fjármunatekjur og ávöxtun .....	7
Tryggingafræðileg athugun .....	7
Efnahagur og verðbréfaeign .....	8
<i>Eignasamsetning 31.12. 2009</i> .....	8
Fjárfestingar .....	9
<i>Yfirlit um erlenda verðbréfaeign – skráð í erlendri mynt</i> .....	10
<i>Yfirlit um hlutabréfaeign – skráð í íslenskum krónum</i> .....	10
<i>Fjárfestingarstefna sjóðsins á árinu 2009 og rauntölur 31.12. 2009</i> .....	10
Séreignardeild .....	11
Lán til sjóðfélaga .....	12
Breytingar á samþykktum á ársfundi 2009 .....	12
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins .....	13
Starfsfólk Sameinaða lífeyrissjóðsins .....	13
Ársreikningur 2009 .....	14
Skýrsla stjórnar .....	15
Áritun endurskoðenda .....	16
Áritun tryggingastærðfræðings .....	17
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....	18
Efnahagsreikningur .....	19
Sjóðstreymi .....	20
Skýringar .....	21
Kennitölur .....	27
Ársreikningur deilda .....	28
Annual Accounts 2009 .....	32

## Ávarp stjórnar og framkvæmdastjóra

Árið 2009 var sjóðnum á ýmsan hátt hagfelld þrátt fyrir að alþjóðleg fjármálakreppa, sem hófst haustið 2007, næði hámarki fyrri hluta ársins. Eftir að alþjóðlegir fjármálamarkaðir náðu botni í mars fór alþjóðlega hagkerfið að rétta úr kútnum, þótt vissulega sé öll hætta enn ekki liðin hjá. Þessi umskipti höfðu jákvæð áhrif á afkomu sjóðsins seinni hluta ársins.

Þrátt fyrir að undirliggjandi rekstur sjóðsins hafi á margan hátt verið viðunandi gætti áhrifa efnahagshrunsins áfram á ávöxtun sjóðsins. Staða þeirra fjármálastofnana, sem enn voru starfandi í lok árs 2008, var verri en vonir stóðu til um. Þar við bætist að fleiri fyrirtæki fóru í gjaldþrot eða þurftu að leita nauðasamninga með tilheyrandi niðurfærslum á kröfum. Enn má svo nefna þá ánægjulegu staðreynd að Íslendingar lifa nú lengur en nokkru sinni fyrr og þar með eykst álag á lífeyrissjóðinn og skuldbindingar hans aukast.

Afkoma Sameinaða lífeyrissjóðsins á árinu markast sem sagt áfram af þeim áföllum sem dundu yfir efnahagslífið á árinu 2008, með falli viðskiptabankanna og miklum samdrætti í hagkerfinu. Þrátt fyrir þetta jókst hrein eign sjóðsins um tæpa 9 milljarða króna á árinu og var 99,2 milljarðar króna í lok ársins. Nafnávöxtun sjóðsins var 7,1% á árinu 2009, sem jafngildir 1,4% neikvæðri raunávöxtun. Eins og áður segir reyndist staða margra fyrirtækja vera verri en vonir stóðu til um í lok árs 2008. Svo var einnig um fyrirtæki sem skráð voru með skuldabréf í Kauphöll Íslands. Flest þeirra eru nú gjaldþrota eða eiga í nauðasamningum. Þetta leiddi til 4,6 milljarða króna frekari varúðarniðurfærslu á verðbréfaeign sjóðsins á árinu. Hins vegar vegur nokkuð á móti, varðandi ávöxtun eigna sjóðsins á árinu, að erlendir hlutabréfamarkaðir tóku vel við sér. Árleg raunávöxtun sjóðsins, frá stofnun hans árið 1992, hefur verið að meðaltali 3,5%. Það er sama raunávöxtun og sjóðurinn þarf til að standa við skuldbindingar sínar til lengri tíma, miðað við að ekki verði breyting á tryggingafræðilegum þáttum á borð við örorkutiðni og lífaldur.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn var meðal 16 lífeyrissjóða sem stóðu að stofnun Framtakssjóðs Íslands í desember sl. en markmið með sjóðnum er þátttaka í fjárhagslegri endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar falls bankanna. Stofnendur hafa skuldbundið sig til að leggja Framtakssjóðnum til 30 milljarða króna í hlutafé á næstu þremur árum, þar af er hlutur Sameinaða lífeyrissjóðsins allt að 3 milljarðar króna. Í skilmálum fyrir Framtakssjóð Íslands kemur m.a. fram að hlutverk hans sé að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar falls fjármálakerfisins. Jafnframt er kveðið á um að sjóðurinn

skuli ávaxta innborgað fé með fjárfestingum í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum sem eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll. Markmiðið sé að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði og um leið að skila fjárfestum góðri ávöxtun.

Á árinu náðist ekki samkomulag við skilanefndir þrotabúa gömlu bankanna um uppgjör á framvirkum gjaldeyrissamningum en í ársreikningi er færður til skuldar 3,1 milljarður króna vegna samninganna. Þar er miðað við uppgjör á gengi krónunnar eins og það stóð við fall viðskiptabankanna, ásamt áföllnum vöxtum frá þeim tíma.

Í mars voru samþykktar tímabundnar breytingar á lögum og heimiluð útgreiðsla á allt að 1 milljón króna af séreignarsparnaði til allra réttihafa, óháð aldri þeirra. Lögunum var breytt að nýju undir lok ársins og var útgreiðsluheimildin þá hækkuð í 2,5 milljónir króna til hvers réttihafa frá ársbyrjun 2010 og gildistíminn lengdur til 1. apríl 2011. Á árinu voru greidd út um 8% heildareignar réttihafa séreignarsparnaðar sjóðsins á grundvelli þessara lagabreytinga.

Framlengdur var með lagabreytingu gildistími ákvæðis sem heimilaði að mismunur eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða gæti verið allt að 15% í stað 10%, án þess að skylt væri að skerða lífeyri. Þetta lagaákvæði gildir því áfram fyrir reikningsárið 2009.

Með lögum frá Alþingi var tekin upp svonefnd greiðslu-jöfnunarvísitala við útreikning afborgana sjóðfélagalána í stað vísitölu neysluverðs, frá og með 1. desember 2009. Yfirlýstur tilgangur laganna var að létta greiðslubyrði afborgana húsnæðislána á næstu árum. Lántakendur gátu afþakkað þetta lagaúrræði og nýttu tæpur þriðjungur þeirra, sem eru með sjóðfélaglán hjá sjóðnum, sér það árið 2009.

Stjórn sjóðsins skipaði endurskoðunarnefnd hans. Hlutverk hennar er að horfa yfir allt endurskoðunarferlið og vera til eftirlits og ráðgjafar um öll endurskoðunarmál. Jafnframt á nefndin að hafa skoðun á því hvernig innri og ytri endurskoðendur eru valdir, verkefni þeirra og tengsl við almenna starfsemi sjóðsins og innra eftirlit. Formaður nefndarinnar er Þorkell Sigurlaugsson.

Iðgjöld til sjóðsins, að meðtöldum séreignarsparnaði, námu 4.936 milljónum króna, sem er 16,7% lækkun frá árinu áður. Breytingin stafar af fækkun sjóðfélaga og gríðarlegum samdrætti í iðngreinum sem standa að sjóðnum, sérstaklega við mannvirkjagerð. Viðbúið er að enn dragi úr iðgjaldagreiðslum til sjóðsins á árinu 2010 vegna ástandsins í efnahagslífinu.



Lífeyrisgreiðslur, að meðtöldum séreignarsparnaði, námu 3.818 milljónum króna, sem er 36,6% aukning frá árinu áður. Aukning frá fyrra ári er að stærstum hluta til komin vegna heimildar í lögum um útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins samþykkti á árinu að gerast aðili að samkomulagi stjórnvalda og allra lánveitenda fasteignalána hér á landi um samræmd úrræði fyrir einstaklinga og heimili vegna greiðsluerfiðleika. Þar er gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður veiti fjármálaþyrskingum og lífeyrissjóðum upplýsingar og ráðgjöf um greiðsluerfiðleikaúrræði. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vera eftir atvikum til viðbótar greiðsluerfiðleikaúrræðum sem lántakendur kunna eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í nóvember stóð stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins fyrir fjölmönnum kynningarfundum fyrir sjóðfélaga þar sem flutt voru fjögur framsöguerindi um stöðu sjóðsins, hlutverk endurskoðunarnefndar, áhrif skattlagningar lífeyrisiðgjalda og mögulegan þátt lífeyrissjóða í uppbyggingu atvinnulífsins.

Ráðgjafi starfsendurhæfingarsjóðs, sem starfar fyrir flest þau stéttarfélög sem aðild eiga að sjóðnum á höfuðborgarsvæðinu, hóf störf í ágúst. Ráðgjafinn hefur aðsetur á þjónustuskrifstofu iðnfélaga í Borgartúni 30. Starfsemin hefur farið mjög vel af stað og spurn eftir þjónustunni verið það mikil að ákveðið var að auka





starfshlutfall ráðgjafans úr 50% í 100%. Með stofnun starfsendurhæfingarsjóðs var stigið stórt og merkilegt skref til stuðnings því fólki sem hverfur tímabundið af vinnumarkaði vegna veikinda eða slysa. Byrjun starfseminnar lofar því mjög góðu

Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun voru heildarskuldbindingar sjóðsins 9,7% umfram eignir í lok árs. Lögum samkvæmt ber stjórninni ekki skylda til að bregðast við slíkum halla á sjóðnum. Hins vegar má gera ráð fyrir að á komandi árum verði leitast við að koma á jafnvægi eigna sjóðsins og skuldbindinga hans og þá þannig að sem mestrar sanngirni verði gætt gagnvart þeim sem málið varðar, bæði greiðandi sjóðfélögum og lífeyrisþegum.

Afleiðingar bankahrunsins reynast sjóðnum erfiðar. Það mun taka hann nokkur ár að ná jafnvægi eigna og skuldbindinga. Sjóðurinn mun fara varlega í öllum fjárfestingum en á sama tíma leggja allt kapp á að endurheimta þær eignir sem niðurfærðar hafa verið til varúðar. Það ræðst samt aðallega af efnahagsumhverfinu hérlendis og erlendis hvernig til tekst í þeim efnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri þakka starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og atvinnurekendum, sem greiða til sjóðsins, fyrir ánægjulegt samstarf á árinu 2009 og vænta þess að samskiptin verði áfram góð og gefandi.

## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra



### LÍFEYRISGREIÐSLUR


Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar sjóðsins á árinu 2009 námu 3.062 millj. kr. og hækkuðu um 13,6% frá árinu áður. Annars vegar skýrist hækkingin af breytingu milli ára á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, en frá stofnun sjóðsins hafa lífeyrisgreiðslur fylgt breytingum á vísitölunni. Hins vegar skýrist hækkingin af fjölgun lífeyrisþega. Á móti vegur að lífeyrisgreiðslur lækkuðu um 10% frá 1. ágúst 2009 í samræmi við ákvörðun ársfundar. Án þeirrar lækkunar hefðu lífeyrisgreiðslur ársins 2009 aukist um 18,2% frá fyrra ári.

Skipting lífeyrisþeganna er þannig að í árslok 2009 fengu 2.847 greiddan ellilífeyri, 1.154 fengu greiddan makalífeyri og 727 fengu greiddan örorkulífeyri. Greiddur var barnalífeyri

vegna 201 barns. Meðalaldur ellilífeyrisþega í árslok 2007 var 75,4 ár. Meðalaldur örorkulífeyrisþega var 55,2 ár. Meðalaldur makalífeyrisþega var 75 ár í árslok.

### IÐGJÖLD

Bókfærðar iðgjaldatekjur í tryggingadeild árið 2009 námu 4.664 millj. kr. á móti 5.605 millj. kr. árið 2008 og lækkuðu um 16,8% milli ára. Þar af nam framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði 129 milljónum króna á árinu. Á árinu 2009 greiddu 10.550 sjóðfélagar til tryggingadeildar sjóðsins á móti 12.213 árið áður. Í árslok áttu 37.337 sjóðfélagar sem ekki eru farnir að fá greiddan lífeyri réttindi í tryggingadeild. Meðalaldur virkra sjóðfélaga í tryggingadeild sem ekki eru farnir að taka lífeyri er 42,7 ár en var 41,3 árið áður.



## REKSTUR OG REKSTRARKOSTNAÐUR

Rekstrarkostnaður sjóðsins skiptist í fjárfestingargjöld sem er kostnaður við ávöxtun sjóðsins og rekstrarkostnað sem er kostnaður við annan rekstur sjóðsins. Samtals nam þessi kostnaður 251,1 millj. kr. á móti 238,4 millj. kr. árið áður sem er hækkun um 5,3% milli ára. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 8,6%.

## FJÁRMUNATEKJUR OG ÁVÖXTUN

Fjárfestingartekjur sjóðsins voru 7.178 millj. kr. en voru neikvæðar um 9.076 millj. kr. árið áður. Hrein raunávöxtun, þ.e. raunávöxtun þar sem rekstrar- og fjárfestingargjöld eru dregin frá fjármunatekjum, var -1,4% á móti -22,5% árið áður. Raunávöxtun innlendra skuldabréfa sjóðsins var neikvæð um 1,9% á móti því að vera neikvæð um 9,0% árið áður. Áframhaldandi neikvæð ávöxtun innlendra skuldabréfa á árinu 2009 er tilkomin vegna viðbótar varúðarniðurfærslu upp á 4.637 milljónir króna. Staða stærstu fyrirtækja landsins, sem skráð voru með skuldabréf í Kauphöll Íslands, reyndist enn lakari en talið var í lok ársins 2008. Eftir fall viðskiptabankanna í október 2008 eru fá fyrirtæki skráð í kauphöll og einungis um 3% eigna sjóðsins eru í innlendum hlutabréfum í lok ársins 2009. Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands lækkaði um 18,5% á


árinu. Á sama tíma hækkuðu innlend skráð hlutabréf sjóðsins í Kauphöll Íslands um 10,4%. Ávöxtun erlendra hlutabréfa sjóðsins var 22,9% á árinu í íslenskum krónum.

Á árinu hækkaði heimsvísitala hlutabréfa, MSCI, um 30% mælt í bandarískum dollar en reiknað yfir í íslenskar krónur hækkaði vísitalan um 34,3%. Eftir fall bankanna í október 2008 hafa erlendar eignir sjóðsins verið óvarðar fyrir gjaldmiðlabreytingum og gengisbreytingar helstu erlendra gjaldmiðla gangvart krónu koma því að fullu fram í ávöxtun erlendra eigna sjóðsins. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins frá stofnun er 3,5%.

## TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN


Tryggingafræðileg athugun sýnir að áfallin skuldbinding tryggingadeildar er 117.045 millj. kr. í árslok 2009. Eignir á móti áfallinni skuldbindingu námu 97.702 millj. kr. og eru því áfallnar skuldbindingar umfram eignir 19.342 millj. kr. eða -16,5%. Heildarskuldbinding tryggingadeildar með framtíðariðgjöldum er 183.181 millj. kr. Hrein eign deildarinnar til tryggingafræðilegs mats er 165.463 millj. kr.. Heildarskuldbindingar umfram eignir eru því 17.718 millj. kr. eða -9,7% í hlutfalli af skuldbindingum.

Skuldbindingar og eign 2005-2006 – stigadeild




■ Hlutfall hreinnar eignar umfram heildarskuldbindingu  
 ■ Hlutfall hreinnar eignar umfram áfallna skuldbindingu

Skuldbindingar og eign 2005-2006 – aldurstengd deild




■ Hlutfall hreinnar eignar umfram heildarskuldbindingu  
 ■ Hlutfall hreinnar eignar umfram áfallna skuldbindingu

Skuldbindingar og eign 2007-2009 – tryggingadeild




■ Hlutfall hreinnar eignar umfram heildarskuldbindingu  
 ■ Hlutfall hreinnar eignar umfram áfallna skuldbindingu

Hrein eign til greiðslu lífeyris



■ Á verðlagi í lok hvers árs  
 ■ Mismunur á verðlagi hvers árs og verðlagi 2009

Hrein eign umfram heildarskuldbindingu




■ Hrein eign umfram heildarskuldbindingu á verðlagi hvers árs  
 ■ Mismunur á verðlagi hvers árs og verðlagi 2009

**EFNAHAGUR OG VERÐBRÉFAEIGN**

Hrein eign tryggingadeildar til greiðslu lífeyris í árslok nam 94.745 millj. kr. samanborið við 86.957 millj. kr. í árslok 2008 og hækkaði um 7.788 millj. kr. eða um 9%. Innlend skuldabréf námu 61% verðbréfaeignar, innlend hlutabréf 3,1%, erlend verðbréf 32,4% og innlán 3,5%.

Hlutabréfaeign er færð á markaðsvirði en skuldabréf sjóðsins eru færð til eignar miðað við kaupvöxtunarkröfu.

Eignasamsetning 31.12. 2009





## FJÁRFESTINGAR

Í tryggingadeild var á árinu fjárfest í verðbréfum fyrir 42.976 milljónir króna. Mest var keypt af innlendum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs. Keypt voru ríkistryggð skuldabréf fyrir 5.878 millj. kr. umfram seld á árinu en innlán hjá fjármálastofnunum lækkuðu um 3.154 millj. kr. Ný fasteignaveðlán námu 1.069 millj. kr. á árinu. Takmarkaðir möguleikar voru á viðskiptum með hlutabréf á árinu vegna gjalddeyrishafta og mjög lítils innlends hlutabréfamarkaðar. Sjóðurinn seldi umfram kaup í erlendum hlutabréfasjóðum fyrir 4.774 milljónir króna á árinu og keypti í erlendum ríkisverðbréfum 4.420 millj. kr. Þá keypti sjóðurinn fyrir 190 millj. kr. umfram sölu í innlendum hlutafélögum.

Á árinu 2009 voru innkallanir vegna skuldbindinga fyrri ára í framtakssjóði (Private Equity) eftirfarandi: USD 4,2 millj., EUR 5,7 millj. og ISK 97,2 millj., eða samtals 1.616 millj. íslenskra króna.

Gjaldmiðlasamningar frá fyrra ári voru óuppgerðir í árslok og ríkir enn óvissa um uppgjör þeirra. Neikvæð staða var á flestum þessara samninga en sjóðurinn hafði gert bönkunum

tilboð um að samningarnir yrðu gerðir upp á gengi sem miðaðist við gengisvisitölu 175. Sjóðurinn gerir ráð fyrir í uppgjöri sínu að nota þau bankaskuldabréf sem hann á til skuldajöfnunar á móti þeim kröfum sem bankarnir kunna að eiga á sjóðinn vegna gjaldmiðlasamninganna. Þegar tekið hefur verið tillit til þess, að viðbættum reiknuðum vöxtum og kostnaði, þá er skuld vegna samninganna upp á 3.173 millj. króna.

Sjóðurinn varð aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar á árinu 2007 eða um ári eftir að reglurnar voru gefnar út. Með reglunum er lögð áhersla á að hagsmunir fjárfesta og þjóðhagsleg markmið fari vel saman og í þeim er fjallað um hvernig áhersla á umhverfisleg og félagsleg málefni auk góðra stjórnarháttanna fyrirtækja getur stuðlað að bættum fjárfestingarárangri verðbréfasafna. Fjárvörslufyrirtæki sem sjóðurinn á viðskipti við hafa verið upplýst um aðild hans að reglunum og aðild þeirra og afstaða könnuð. Í lok árs 2007 var aðeins eitt fyrirtækjanna með aðild að reglunum en í lok árs 2009 voru 6 fjárvörslufyrirtækjanna sem sjóðurinn á viðskipti við með aðild að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar.

## Yfirlit um erlenda verðbréfaeign – skráð í erlendri mynt

Opnir hlutabréfasjóðir – fjárvörsluaðilar	Millj. kr.
Gartmore	2.676
Morgan Stanley – sérgreint safn	2.445
Janus	2.375
Kaupþing Investment Funds	1.881
State Street	1.863
Schroder	1.825
Franklin Templeton	1.765
Vanguard Group	1.206
Alliance Bernstein	767
Carnegie Stockholm	409
Sparinvest	392
Aðrir	82
<b>Samtals</b>	<b>17.686</b>

Framtakssjóðir (Private Equity) í erl. mynt	Millj. kr.
Schroder Private Equity Fund of Funds, II og III	1.369
Blackrock – Vesey Street Private Equity Fund of Funds III	824
LGT – Crown Private Equity Euro Buyout Fund of Funds	730
Morgan Stanley Global Distressed Fund of Funds	718
Partners Group Global Value 2006 Fund of Funds	706
SVG Diamond Private Equity III Fund of Funds	533
Landsbanki Mezzanine Fund II	485
Partners Group Secondary Fund of Funds 2008	326
Morgan Stanley Private Markets Fund IV	307
Morgan Stanley Emerging Private Markets Fund of Funds	277
GLB Glacier Renewable Energy Fund	110
Private Opportunity Ventures, Bear Sterns	56
Riverside Management Group	52
SVG Asia Fund of Funds	51
Kaupþing Capital Partners II	37
Arctic Ventures	3
Argnor	1
<b>Samtals framtakssjóðir í erl. mynt</b>	<b>6.587</b>

Vogunarsjóðir (Hedge Funds) í erl. mynt	Millj. kr.
Morgan Stanley – Premium Partners II	552
LGT – Crown Alpha	350
MAN AHL Diversified	183
FX Sjóður Kaupþing	82
<b>Samtals vogunarsjóðir í erl. mynt</b>	<b>1.167</b>

Fasteignasjóðir (Real Estate) í erl. mynt	Millj. kr.
Alþjóða fasteignasjóðurinn	210
<b>Samtals fjárfestingarsjóðir í erlendri mynt</b>	<b>7.964</b>

Skuldabréf í erl. mynt	Millj. kr.
Erlend ríkisskuldabréf og sjóðir	3.952
Höfuðstólstryggð skuldabréf tengd erl. hlutabréfavitölum	1.022
Önnur erlend skuldabréf	2.057
<b>Samtals skuldabréf í erlendri mynt</b>	<b>7.031</b>

Bankainnstæður í erl. mynt	Millj. kr.
<b>Alls verðbréf og bankainnstæður í erl. mynt</b>	<b>32.823</b>

## Yfirlit um hlutabréfaeign – skráð í íslenskum krónum

Skráð hlutabréf – Kauphöll Íslands	Markaðsverð í millj. kr.
Össur	1.241
Marel	1.025
Föroya Bank	159
Century Aluminum Company	171
Bakkavör	28
<b>Samtals skráð hlutabréf</b>	<b>2.623</b>

Óskráð hlutabréf	Markaðsverð í millj. kr.
Eimskipafélag Íslands (nýtt félag)	116
Virðing	88
Rusor ehf	67
Eignarhaldsfélag Sameinaða lífeyrissjóðsins	40
Reiknistofa lífeyrissjóða	31
BYR Sparisjóður (stofnfjárbréf)	14
Önnur óskráð hlutabréf	16
<b>Samtals óskráð hlutabréf</b>	<b>372</b>

Framtakssjóðir í ísl. kr.	Millj. kr.
Brú II Venture Capital Fund	239
BVC International Fund	121
Frumtak	26
Auður I	11
<b>Samtals framtakssjóðir í ísl. kr.</b>	<b>397</b>

**Höfuðstólstryggð skuldabréf tengd erl. vísit. í ísl. kr.** 2.969

## Fjárfestingarstefna sjóðsins á árinu 2009 og rauntölur 31. desember 2009


Innlendar eignir og fjárfestingar	F.f.stefna	Rauntölur
Eign í ísl. kr.	50-85%	67,4%
Eign í erlendri mynt	15-50%	32,6%

## Skipting fjárfestinga

	F.f.stefna	Rauntölur
Laust fé	0-15%	3,5%
Skuldabréf	50-80%	67,3%
Par af innlend	40-80%	61,0%
Par af erlend	0-10%	6,3%
Hlutabréf	20-50%	29,2%
Par af innlend	0-15%	3,1%
Par af erlend	15-50%	26,1%

## Skipting innlendra skuldabréfa sem hlutfall af fjárfestingum

	F.f.stefna	Rauntölur
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	20-50%	30,6%
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	0-15%	4,8%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	0-10%	4,3%
Skuldabréf með fasteignatryggingu	5-30%	16,3%
Skráð markaðsskuldabréf fyrirtækja	0-12%	5,0%



## SÉREIGNARDEILD

lögjöld til séreignardeildar, án tillits til réttindaflutnings, lækkuðu um 2,7% milli ára. Með breytingu á lögum í mars 2009 var öllum rétthöfum veitt tímabundin heimild til úttektar á allt að einni milljón króna af séreignarsparnaði sínum. Alls tóku rétthafar út 402 milljónir króna á árinu á grundvelli þessarar heimildar en heildarútgreiðsla séreignarsparnaðar var 755 milljónir króna á árinu. Þrátt fyrir verulega hækkun á útgreiðslum úr deildinni vegna þessarar tímabundnu heimildar og því að heimilt var frá 1. janúar 2009 að taka séreign að fullu út við 60 ára aldur jókst hrein eign deildarinnar um 26,9% á milli ára.

Meðfylgjandi tafla sýnir samanburð lykiltalna milli ára.

	2009	2008	% breyting
lögjöld til séreignar, án réttindaflutnings	392	403	-2,7%
Hrein eign séreignardeildar	4.463	3.517	26,9%
Fjöldi rétthafa	9.085	9.450	-3,8%

Tæplega 2/3 aukningarinnar á hreinni eign deildarinnar skýrist af flutningi séreignarsparnaðar af hlutabréfaleiðum í Aldursleið 1 hjá sjóðnum, en hlutabréfaleiðirnar (nr. 3-10) höfðu verið vistaðar hjá Virðingu, löggiltu verðbréfafyrirtæki. Þessi breyting var framkvæmd þann 1. desember 2009 og byggir á breytingum á lögum um fjárfestingarheimildir séreignarsparnaðar. Samhliða þessu voru ávöxtunarleiðir sem höfðu mjög sambærilegar eða sömu fjárfestingastefnur sameinaðar. Þannig var Leið 1 sameinuð Aldursleið 2 og Leið 2 var sameinuð Aldursleið 4. Hjá sjóðnum voru því í árslok starfræktar 5 ávöxtunarleiðir í séreignarsparnaði, Aldursleiðir 1-4 og Innlánsleið.

Í ljósi óvissunnar sem varð með fjármálahruginu í október 2008 og takmörkuðum fjárfestingarmöguleikum var tekin sú ákvörðun að ráðstafa öllum nýjum iðgjöldum rétthafa á Innlánsleið, sem ávaxtar séreignarsparnað á innlánsreikningum, einkum verðtryggðum. Slíkir reikningar eru að fullu með ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar. Frá 1. desember 2009 hafa iðgjöld séreignarsparnaðar hins vegar verið færð á ávöxtunarleiðir í samræmi við samninga.

Eignir sem rétthafar hafa safnað á Innlánsleið frá október 2008 eru vistaðar þar áfram, enda hafi ekki borist beiðni einstakra rétthafa um annað.

## Ávöxtunarleiðir

Í aldursleiðum færast iðgjöld rétthafans inn á ákveðna leið eftir aldri við upphaf sparnaðar og síðan færast eignin á milli leiða eftir því sem rétthafinn eldist. Með hækkandi aldri rétthafans minnkar vægi hlutabréfa en vægi skuldabréfa eykst. Þegar rétthafinn er orðinn 65 ára fer öll eignin í innlend skuldabréf í Aldursleið 4.

Innlánsleið var stofnuð í október 2008 og ávaxtar séreignarsparnað á verðtryggðum og óverðtryggðum innlánsreikningum.

Í töflunni er sýnd ávöxtun séreignarsparnaðarleiða sjóðsins á árinu 2009 ásamt meðaltali ársraunávöxtunar sl. 5 ár.

	Ávöxtun 2009		Meðalraunávöxtun 5 sl. ár 2005-2009
	Nafnávöxtun	Raunávöxtun	
Aldursleið 1	23,0%	13,2%	2,8%
Aldursleið 2	21,3%	11,7%	3,2%
Aldursleið 3	18,4%	9,0%	2,2%
Aldursleið 4	17,3%	8,0%	2,1%
Innlánsleið	15,3%	6,1%	

## LÁN TIL SJÓÐFÉLAGA ÁRIÐ 2009

Annað árið í röð fækkaði nýjum sjóðfélagalánnum mikið milli ára en meðalfjárhæð hækkaði lítillega. Meðfylgjandi tafla sýnir samanburð sjóðfélagalána 2008 og 2009.

Afgreidd lán	2009	2008	% breyting
Meðalfjárhæð í millj. kr.	6,3	6,2	2%
Fjöldi lána	76	336	-77%
Heildarútlán á árinu í millj. kr.	477	2.068	-77%

Vanskil sjóðfélagalána jukust úr 0,3% frá fyrra ári í 0,6% af heildarútlánnum á árinu 2009. Á árinu nýttu allnokkrir sjóðfélagar sem eru í greiðsluferðum almenn úrræði sjóðsins, m.a. með því að fá lánstímann lengdan og með breytingu úr jöfnum afborgunum í jafnar greiðslur. Lántakendur áttu einnig kost á frestun greiðslna í 6-12 mánuði (frysting) að uppfylltum skilyrðum. Með lögum sem tóku gildi undir lok ársins voru sjóðfélagalán færð í greiðslujöfnun, önnur en þeirra lánstakenda sem afþökkuðu þá breytingu. Með greiðslujöfnun voru afborganir lána tengdar við greiðslujöfnunarsvísitölu í stað svísitölu neysluverðs.

### Lánsupphæð, lánstími og lánakjör

Ekkert hámark er á lánsfjárhæð sem er innan 65% veðmarka. Lágmarkslán er 400.000 kr. og lánstími 5–40 ár. Lánin eru verðtryggð m.v. svísitölu neysluverðs og endurgreiðast með minnst fjórum gjalddögum á ári. Lánin eru eingöngu veitt gegn veði í íbúðarhúsnæði. Lánsrétt hafa virkir sjóðfélagar, réttthafar séreignardeildar og lífeyrisþegar.

Lántökugjald er 1% og heimilt er að greiða sjóðfélagalán hvenær sem er á lánstímanum án uppgreiðslugjalds.

### Tveir lánaflokkar voru í boði á árinu 2009

#### • Fastir verðtryggðir vextir

5,2% vextir janúar-október  
4,95% vextir frá 1. nóvember 2009

Lán eingöngu veitt gegn 1. veðrétti. Uppfylli greiðandi ekki lengur skilyrði um lán á föstum vöxtum verða vextirnir breytilegir og hinir sömu og á almennum sjóðfélagalánnum.

#### • Almenn sjóðfélagalán með breytilegum vöxtum

5,3% vextir janúar-október  
4,95% vextir frá 1. nóvember 2009

Lántaki á val um lán með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum (annuitet).

Vextir sjóðfélagalána eru endurskoðaðir af stjórn sjóðsins a.m.k. fjórum sinnum á ári.

## BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM Á ÁRSFUNDI 2009

Á ársfundi sjóðsins 27. maí 2009 voru samþykktar eftirfarandi breytingar á samþykktum sjóðsins:

1. Nýjar réttindatöflur í tryggingadeild, með tæplega 9% lækkuð réttindaávinnslu iðgjalda.
2. Lækkuð áunninna lífeyrisréttinda í tryggingadeild um 10%.

Afkoma ársins 2008 markaðist mjög af áföllum á fjármálamörkuðum; afleiðingum af falli viðskiptabankanna og mikilli gengislækkuð verðbréfa hér á landi og erlendis. Þrátt fyrir að markvisst hafi verið unnið að því hjá sjóðnum að draga úr vægi innlendra og erlendra hlutabréfa á árinu 2008 og auka vægi innlendra skuldabréfa og innlána, rýrnaði eignasafn sjóðsins við þessar óvenjulegu aðstæður. Þá var mikil óvissa um verðmæti skuldabréfa innlendra fyrirtækja sem sjóðurinn hafði fjárfest í og voru 7,7 milljarðar króna færðar í varúðarafskrift vegna þess. Tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð um 13%, en með samþykktum breytingum reiknaðist tryggingafræðilega staða neikvæð um 4,2% miðað við árslok 2008.

Samþykktar voru einnig breytingar á gr. 3.1 um aðildarfélög sjóðsins sem leiddu af sameiningum félaga. Þá voru kynntar á ársfundinum breytingar á samþykktum vegna laga nr. 171/2008 og nr. 13/2009, sem stjórn sjóðsins hafði ákveðið að setja inn í samþykktirnar í samræmi við heimild sem kveðið er á um í grein 31.4.

Breytingarnar, aðrar en þær sem leiddu af lögum, tóku gildi 1. ágúst 2009 að lokinni staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

# Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Eftir ársfund sjóðsins 27. maí 2009 skipuðu eftirtaldir stjórn hans:

**Valdir fulltrúar stéttarféлага á ársfundi:**

Georg Páll Skúlason  
Hilmar Harðarson  
Þorbjörn Guðmundsson, varaformaður

Til vara:

Hákon Hákonarson  
Kristján Örn Jónsson  
Magnús Magnússon

Skoðunarmaður:

Ólafur Axelsson

Til vara:

Hörður Runólfsson

**Skipaðir af framkvæmdastjórn**

**Samtaka atvinnulífsins:**

Auður Hallgrímsdóttir  
Haraldur Þór Ólason, formaður  
Sveinbjörn Hjálmarsson

Til vara:

Guðmundur E. Hallsteinsson  
Hanna Þórunn Skúladóttir  
Ingólfur Sverrisson

Skoðunarmaður:

Guðmundur Ásgeirsson

Til vara:

Aðalsteinn Aðalsteinsson

**Löggiltur endurskoðandi:**

Theodór S. Sigurbergsson

**Innri endurskoðandi:**

Davíð Arnar Einarsson

**Endurskoðunarnefnd:**

Þorkell Sigurlaugsson, formaður  
Georg Páll Skúlason  
Haraldur Þór Ólason

**Tryggingastærðfræðingur:**

Bjarni Guðmundsson

**Trúnaðarlæknir:**

Guðjón Baldursson

**Framkvæmdastjóri:**

Kristján Örn Sigurðsson

# Starfsfólk Sameinaða lífeyrissjóðsins

Árni Vignir Pálmason  
tölvunarfræðingur

Bergljót Stefánsdóttir  
skráning iðgjalda og bakvinnsla

Birna Vilhjálmsdóttir  
lífeyrismál

Björk Ingvarsdóttir  
verðbréf

Guðrún Iðunn Jónsdóttir  
skráning iðgjalda og bakvinnsla

Hjördís Björnsdóttir  
lífeyrismál

Hrefna Sigurðardóttir  
bókhald

Kristján Örn Sigurðsson  
framkvæmdastjóri

Ólafur Haukur Jónsson  
forstöðumaður rekstrarsviðs

Óskar Magnússon  
verðbréf og séreign

Sigríður H. Einarsdóttir  
almenn móttaka, símvarsla

Sigríður Hrund Guðmundsdóttir  
forstöðumaður eignasviðs

Sigríður Snorradóttir  
gjaldkeri

Sigrún Gröndal  
matur, ræsting og skráning iðgjalda

Sigprúður Jónasdóttir  
lífeyrismál

Svanheiður Ingimundardóttir  
innheimta iðgjalda

Þórunn Svanhildur Eiðsdóttir  
Innheimta iðgjalda



# ÁRSREIKNINGUR 2009



## Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er í aðalatriðum gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar sjóðsins námu alls 3.062 millj. kr. sem er 13,8% hækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 4.849.

Á árinu greiddu 10.550 sjóðfélagar til tryggingadeildar sjóðsins á móti 12.213 árið áður sem er 13,6% fækkun milli ára. Lögjöld deildarinnar námu alls 4.664 millj. kr. sem er 16,8% samdráttur frá árinu áður.

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í verðbréfum fyrir 45.518 millj. kr. á árinu 2009 og vísast til ársreiknings um skiptingu fjárfestingarinnar. Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 7,1% og raunávöxtun neikvæð um 1,4%. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 99.208 millj. kr. í lok árs og hækkaði um 8.734 millj. kr. frá árinu 2008 eða um 9,7%.

Sjóðurinn var í töluverðum viðskiptum við hina föllnu banka og fjárfesti m.a. í hlutabréfum og skuldabréfum sem bankarnir höfðu gefið út. Þá hafði sjóðurinn gert afleiðusamninga við bankana, bæði gjaldmiðla-, valréttar- og vaxtaskiptasamninga. Við fall bankanna urðu hlutabréf og víkjandi skuldabréf þeirra verðlaus og mikil óvissa er enn um verðmæti þeirra skuldabréfa sem þeir gáfu út og eru í eigu sjóðsins. Þá er óvissa um hvort og hvernig gera á upp afleiðusamninga við bankana. Neikvæð staða er á flestum þessara samninga og hefur sjóðurinn gert bönkunum tilboð um að samningarnir verði gerðir upp með ákveðnum hætti í tengslum við uppgjör á kröfum sem hann gerir á bankana. Nettóstaða samninganna, með áföllnum vöxtum, er samkvæmt ársreikningi sjóðsins skuld upp á 3.100 millj. króna.

Tryggingafræðileg úttekt í lok árs sýnir að eign tryggingadeildar til tryggingafræðilegs mats er 165.462 millj. kr. Heildarskuldbinding er 183.130 millj. kr. og er því skuldbinding umfram eignir 17.718 millj. kr. eða 9,7%.

Launagreiðslur til starfsmanna, stjórnar og kjörinna skoðunarmanna námu 103,9 millj. kr. á árinu. Stöðugildi voru 16 í lok árs.

Reykjavík, 5. mars 2010

Stjórn:

Auður Hallgrímsdóttir  
Georg Páll Skúlason  
Haraldur Þór Ólason  
Hilmar Harðarson  
Sveinbjörn Hjálmarsson  
Þorbjörn Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:  
Kristján Örn Sigurðsson

## Áritun endurskoðenda

### Til stjórnar og sjóðfélaga Sameinada lífeyrissjóðsins.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sameinada lífeyrissjóðsins fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar 1-25, kennitölur og deildaskipt yfirlit.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Í samræmi við lög um ársreikninga eru stjórnendur ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins. Þeim ber að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér öflun endurskoðunargagna er varða fjárhæðir og skýringar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðferða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðferðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringum 22 og 23 með ársreikningnum þar sem greint er frá framsetningu og mati skulda tengdum framvirkum gjaldmiðlasamningum. Óvissa er um hver endanleg niðurstaða verður við uppgjör samninganna.

Reykjavík, 5. mars 2010  
Grant Thornton endurskoðun ehf.

Theodór S. Sigurbergsson  
löggiltur endurskoðandi

Guðmundur Ásgeirsson  
kjörinn skoðunarmaður

Ólafur Axelsson  
kjörinn skoðunarmaður

## Áritun tryggingastærðfræðings

Ég hef metið lífeyrisskuldbindingar Sameinaða lífeyrissjóðsins í árslok 2009. Matið er framkvæmt í samræmi við viðurkenndar reglur um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum, lög nr. 129/1997 um skylduþryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglugerð nr. 391/1998 og með hliðsjón af leiðbeinandi reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum.

Teljast skuldbindingar tryggingadeildar 16,5% umfram eignir og 9,7% umfram eignir þegar tekið er tillit til verðmætis framtíðariðgjalda þeirra sjóðfélaga sem greiddu til sjóðsins á árinu 2009 og skuldbindinga sem ætlað er að af þeim muni stofnast. Sú breyting sem verður á mati á stöðu sjóðsins frá fyrra ári orsakast af hækkun skuldbindinga vegna verðbólgu umfram ávöxtun eigna og einnig hefur mati á lífslíkum verið breytt frá fyrra ári sem veldur nokkurri hækkun skuldbindinga.

Ákvæði laga 129/1997 gera ráð fyrir að lífeyrissjóðum sé skylt að grípa til aðgerða þegar halli eða eignir umfram skuldbindingar sem hlutfall heildarskuldbindinga reiknast 5%, eða meira fimm ár í röð, eða 10% í eitt sinn. Bráðabirgðaákvæði gildir vegna stöðumats við lok árs 2009, þar sem vikmörk eru færð í 15% miðað við eitt sinn, og 10% vegna stöðu fimm ára. Sameinaða lífeyrissjóðnum er því ekki samkvæmt lögum skylt að grípa til aðgerða vegna tryggingafræðilegrar stöðu í lok árs 2009.

Vikmörk laga 129/1997 um tryggingafræðilega stöðu, bæði þau sem tímabundið gilda 2008 og 2009 og svo hin almennu eru fráviksákvæði frá meginstefnumiði laganna um að eignir lífeyrissjóða skuli vera jafnháar skuldbindingum þeirra til að greiða lífeyri. Ekki verður séð að sá munur sem orðinn er milli eigna og skuldbindinga Sameinaða lífeyrissjóðsins verði jafnaður í fyrirsjáanlegri framtíð með ávöxtun eigna eða viðbótar framlög fáist til sjóðsins og frestun á aðgerðum muni einungis auka þann vanda sem við er að etja.

Hefur stjórn sjóðsins því í samvinnu við tryggingastærðfræðing gert tillögur til breytinga á réttindum og réttindaöflun sem lagðar verða fyrir ársfund. Miða tillögurnar að því að jafna stöðu eigna og skuldbindinga.

Reykjavík, 24. febrúar 2010

Bjarni Guðmundsson  
tryggingastærðfræðingur

## Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2009

	Skýr.	2009	2008
<b>IÐGJÖLD</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....	6,11	1.714.258	2.053.804
Iðgjöld launagreiðenda .....	6,11	3.222.054	3.872.378
Sérstök aukaframlög.....		128.944	85.530
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....	11	( 33.621 )	( 78 )
<b>Iðgjöld</b>		<u>5.031.635</u>	<u>6.011.634</u>
<b>LÍFEYRIR</b>			
Lífeyrir tryggingadeildar .....	12	3.063.287	2.694.329
Lífeyrir séreignardeildar .....	12	755.163	105.791
Umsjónarnefnd eftirlauna .....		( 8.925 )	( 8.776 )
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....	16	8.275	4.191
<b>Lífeyrir</b>		<u>3.817.800</u>	<u>2.795.536</u>
<b>FJÁRFESTINGARTEKJUR</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....	7	337.491	( 9.376.642 )
Tekjur af húseignum og lóðum .....		8.861	10.207
Vaxtatekjur og gengismunur .....	8,14	11.038.064	8.722.904
Breytingar á niðurfærslu .....	15	( 4.205.863 )	( 8.432.496 )
<b>Fjárfestingartekjur</b>		<u>7.178.554</u>	<u>( 9.076.026 )</u>
<b>FJÁRFESTINGARGJÖLD</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	10,16	132.157	118.911
<b>Fjárfestingargjöld</b>		<u>132.157</u>	<u>118.911</u>
<b>REKSTRARKOSTNAÐUR</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	16	118.901	119.445
<b>Rekstrarkostnaður</b>		<u>118.901</u>	<u>119.445</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu .....		8.141.331	( 6.098.284 )
Sameining séreignarsparnaðarleiða .....	17	592.295	0
Hrein eign frá fyrra ári .....		90.474.233	96.572.517
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris .....</b>		<u>99.207.860</u>	<u>90.474.233</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2009

EIGNIR	Skýr.	2009	2008
<b>FJÁRFESTINGAR</b>			
Húseignir og lóðir .....	2,18	137.480	140.946
		<u>137.480</u>	<u>140.946</u>
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	3,19	30.371.347	30.572.930
Verðbréf með föstum tekjum .....	3,19	50.799.166	40.034.521
Veðlán .....	3,19	15.422.412	14.614.351
		<u>96.592.926</u>	<u>85.221.801</u>
	<b>Fjárfestingar</b>	<u>96.730.406</u>	<u>85.362.747</u>
<b>KRÖFUR</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....	21	615.042	521.538
Aðrar kröfur .....		299.219	2.841
	<b>Kröfur</b>	<u>914.261</u>	<u>524.379</u>
<b>AÐRAR EIGNIR</b>			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir .....	2	7.705	10.608
Sjóður og bankainnstæður .....		4.728.873	7.427.125
	<b>Aðrar eignir</b>	<u>4.736.578</u>	<u>7.437.733</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>102.381.245</u>	<u>93.324.860</u>
<b>SKULDIR</b>			
